

BSRB VILL ENDURSKOÐA VÍSITÖLUGRUNN LÁNA

Háir vextir og óðaverðbólga ógna nú fjárhagslegu öryggi margra fjölskyldna. Vaxtabyrðarnar þyngjast með snarhækkandi verðbólgu. Þegar kaupmáttur fer þverrandi í ofanálág er þess skammt að bíða að fjöldi fólks geti ekki staðið í skilum og áhvílandi lán á íbúðarhúsnæð verði langt umfram mögulegt söluverð. Hátt verðbólguskot á næstu mánuðum gæti skipt sköpum fyrir margar fjölskyldur. Við þessar aðstæður er brýnt að gripið verði nú þegar til róttækra ráðstafana. Þar skiptir höfuðmáli að létta skuldaklyfjarnar. Í því sambandi þarf að taka verðtryggingu íbúðalána til endurskoðunar enda byggir hún á þriggja ára gömlu neyslumynstri sem engan veginn endurspeglar gjörbreyttar aðstæður í dag.